

Leikskólinn Fagrabrekka

Starfsáætlun 2020-2021



Efnisyfirlit og inngangur (2)

2 Efnisyfirlit og inngangur

3 Um leikskólann

7 Öryggismál

8 Foreldrasamstarf

9 Starfsfólk

10 Samstarf

11 Mat á skólastarfi

12 Mat á starfsáætlun

18 Endur- og símenntun

19 Umbótaáætlun skólaársins

20 Lokaorð



Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat sé umbóta-miðað. Ýmsar leiðir eru farnar til að ná fram þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni. Hafðar eru til hliðsjónar aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skóla-námskrá leikskólans. Í starfsáætlun eru margs konar upplýsingar um starf-semi leikskólans fyrir starfsfólk, forráðamenn, rekstraraðila og aðra sem áhuga hafa á starfinu. Fjallað er um faglegt starf, hvernig það gengur fyrir sig, hvernig það gekk fyrir sig á síðast liðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Starfið í leikskólanum tekur margs konar breytingum og þróast í takt við hvern barnahóp fyrir sig. Í leik-skólanum er aðaláherslan lögð á að vera á forsendum barnanna, á hreyfingu, tónlist, útinám og lýðræði. Einnig vináttu, læsi, ýmsar hefðir og hátíðar.

Um leikskólann (3)



Nám barna á að vera
ánægjuleg reynsla.

Börn eiga að taka virkan
þátt í að túlka og aflla fanga.

Börn hugsa um hugmyndir í
tengslum við umheiminn og
til þess nota þau 100 mál.

Loris Malaguzzi

Um leikskólann

Gerð leikskólans, húsnæði, lóð og rými

Fagrabrekka er fjögurra deilda leikskóli á tveimur hæðum. Tónasel er lítið hús í norðurgarði þar sem tónlistarstarf fer fram. Leikskólanum er skipt upp í tvær deildir í daglegu starfi. Á Gulubrekku eru 31 barn, eins til þriggja ára. Á Rauðubrekku eru 37 börn, þriggja til sex ára.

Leikskólinn er 508,2 m² að flatarmáli, leikrými er 254,6 m² og lóðin er 2,270 m² að flatarmáli. Heildarrými á hvert barn er 7,5 m² og leikrými á er 3,5 m² og lóðarrými 29,1 m².

Lýðræði og jafnrétti

Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið og að barnið finni að á það sé hlustað. Í leikskóla eru forráðamaður, kennari og barnið samstarfsaðilar. Í daglegu starfi er

lögð áhersla á að barnið beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Barnið lærir að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlast samkennd.

- ◆ Efniviður sé aðgengilegur í merktum kössum.
- ◆ Barnið taki þátt í daglegum störfum.
- ◆ Barnið velji hvaða lag er sungið og bók lesin.
- ◆ Barnið læri að leysa ágreining og læri gildi góðra samskipta.
- ◆ Ýtt er undir að barnið sé virkur þátttakandi í starfinu.
- ◆ Barnið meti starfið að hausti og vori.
- ◆ Forráðamaður fái tækifæri til að tjá sig um leikskólastarfið.

Um leikskólann



Börn hafi
100 mál
en hinn
fullorðni
tekur frá
þeim 99.

Loris Malaguzzi

Námskrá, stefna og uppeldislegar áherslur

Aðalnámskrá leikskóla er lögð til grundvallar í Fögrubrekku og starfað samkvæmt lögum um leikskóla. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins og náms- og þroskaleið barna.

Hugmyndafræði Reggio Emilia er leiðarljós í öllu starfi leikskólans. Megináhersla er á skapandi starf í listgreinum, lýðræðisleg vinnubrögð starfsfólks og barna og getu barna til að afla sér reynslu og þekkingar á sínum forsendum. Starfsfólk kemur fram við börnin af virðingu, tekur tillit til þeirra og hlustar á rödd þeirra og líkamstjáningu. Einkunnarorð leikskólans eru ávallt lögð hliðsjónar í öllu starfi. Einkunnarorðin eru; virðing (að sýna hvort öðru virðingu), gleði (að sýna gleði í leik og starfi) og frumkvæði (að virða frumkvæði barnsins).

Tónlist og hreyfing er þungamiðjan í starfi leikskólans. Tónlist og hreyfing er mikilvægur þáttur í þroskaferli barna og er samþætt þema sem unnið er að hverju sinni. Í tónlistinni lærir barnið söngva og þulur, að spila á hljóðfæri, útbúa hljóðverk og hljóðfæri, semja tónverk og setja upp leikrit. Öll hreyfing er barninu eðlislæg og stuðlar að vellíðan og hefur í för með sér gleði og ánægju þar sem barnið lærir að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður, lærir líkamsvitund, leikræna tjáningu, dans og leiki.

- ◆ Styðja og þróa námið í gegnum leikinn.
- ◆ Skapa leiknum fjölbreytilegt leikumhverfi, tíma og rými.
- ◆ Styðja við leikinn, vera vakandi fyrir tækifærum, kveikja og efla jákvæðni í samskiptum og sjá til þess að allir taki þátt.
- ◆ Leggja hugmyndafræðina til grundvallar, með á áherslu á faglegt starf, hópkennd, vináttu, samvinnu og félagsfærni.
- ◆ Efla sjálfstæði.

Persónumappa barnsins

Persónumappan segir sögu barnsins, allt frá því að barnið byrjar í leikskólanum þar til það líkur skólagöngu sinni. Persónumappan gerir starfið sýnilegra, sýnir styrkleika og tengsl barnsins við önnur börn ásamt því að efla tengslin milli heimilis og skóla. Hún er hugsuð til að halda utan um skráðar heimildir í námi og þroska barnsins. Hver persónumappa er einstök og sýnir áhugasvið, fjölbreytt vinnubrögð, sköpun, frumkvæði og geymir samskipti og samtöl barnsins. Viðmið persónumöppunnar eru barnið sjálft og leikurinn, barnið og efniviður, barnið og sköpun, barnið og hópurinn og barnið og heimilið.

Skólastarf, aðalnámskrá og námssvið leikskóla

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla eru sex grunnþættir menntunar og eiga þeir að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í starfið. Námssvið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum.

Leikurinn er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og er þungamiðja leikskólastarfsins, sjálfsprottinn og eðlislægur. Barnið leikur sér af fúsum og frjálsum vilja á sínum eigin forsendum. Leikur veitir gleði og vellíðan og er meginnámsleið barnsins.

Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. Námssvið leikskóla eru; heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi, læsi og samskipti.

Um leikskólann



Heilbrigði og vellíðan

Börn læra að tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og er mikilvægt að mynda góð og nán tengsl við börnin.

- ◆ Boðið er upp á hollt og næringarríkt fæði.
- ◆ Útivera er tvisvar á dag.
- ◆ Farið er í skemmri og lengri vettvangsferðir.
- ◆ Hreyfistund er markviss í öllum barnahópunum.
- ◆ Dansað er inn í daginn alla morgna.
- ◆ Viðhafðar eru góðar hreinlætisvenjur.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik, lýðræði, skapandi starfi og menningu barnsins. Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barns. Sköpun beinist að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu, sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.

- ◆ Sungið og lesið er á hverjum degi.
- ◆ Þulur, vísur, sögugrunnur og frásagnir eru notað í starfinu.
- ◆ Hljóðfæri eru nýtt í tónlist.
- ◆ Fjölbreyttur efniviður er til staðar fyrir sköpun.
- ◆ Íslenskri menningu er viðhaldið með fjölbreyttum hætti.
- ◆ Menning barna af erlendum uppruna er kynnt.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skipta máli í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu, er hluti af sjálfbærni.

Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

- ◆ Barnið fær hvatningu og tækifæri til sjálfshjálpar.
- ◆ Aukin er vitund um umhverfismennt og endurvinnslu.
- ◆ Endurnýtanlegur efniviður er flokkað og nýttur.
- ◆ Hugsað er vel um umhverfið, jafnt inni sem úti.
- ◆ Frágangur og snyrtimennska er höfð í fyrirrúmi.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn þurfa að kynnast tungumálinu og möguleikum þess sem og öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu.

- ◆ Unnið er með samskipti í skólastarfinu.
- ◆ Ritmál er sýnilegt.
- ◆ Samverustundir eru á hverjum morgni, þar sem börnin sitja saman í hring á mottu.
- ◆ Lestraráttak er tengslum við dag íslenskrar tungu.
- ◆ Málörvunarverkefni eru til staðar.
- ◆ Mótuð hefur verið læsisstefna í Fögrubrekku.



Áhersla er lögð á lýðræði, þann rétt barna að fá að vera einstakur og/eða sérstakur.

Börn elga rétt á að vera viðurkennd sem virkir þátttakendur hvað varðar sjálfsmynd og sjálfstæði.

Um leikskólann



Uppeldisstarf miðar að auganu sem sér og hendinni sem framkvæmdir.

Áhersla er lögð á að hlusta á barnið af athygli og opna börnunum frjálsa leið til náms og þekkingar.

Loris Malaguzzi

Dagskipulag

07:30	Leikskólinn opnar - Tekið á móti börnum úti.
08:45 - 08:55	Dansað inn í daginn.
08:55 - 12:00	Útivera, leik-, hreyfi- og tónlistarstund, þema starf, ávaxtastund.
11:00 - 11:30	Hádegisverður á Gulubrekku.
12:00 - 12:30	Hádegisverður á Rauðubrekku
11:30 - 14:00	Hvíld, leikstund á Gulubrekku
12:30 - 14:30	Leikstund, útivera
14:30 - 15:15	Síðdegishressing.
15:15 - 16:30	Útivera – Skilað úti
16:30	Leikskólinn lokar.

Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir, hátíð

Fagnaðarfundur er á föstudögum. Dansað er inn í daginn alla morgna. Afmælisdagur barnsins er gerður eftirminnilegur. Á sumrin eru stöðvar í garðinum. Um haustið er dagur læsis og dagur íslenskrar náttúru. Alþjóðlegi bangsadagurinn. Dagur eineltis, vináttuganga í Álfhólsskóla. Leikfangadagur og litadagar. Dagur íslenskrar tungu, nemendur úr Álfhólsskóla lesa fyrir börnin. Dagur mannréttinda barna. Í desember er bakstur, aðventuferð í Hjallakirkju, jólaball, jólamatur og afmæli leikskólans. Eftir áramótin ljóslaus dagur, náttföt, vasaljós. Herradagur og öfugsnúinn dagur. Dagur leikskólans. Dagur stærðfræði, talið og flokkað. Bolludagur, Sprengidagur og Öskudagur. Dömurdagur. Dagur fjölbreytileikans. Eggjaleit vikuna fyrir dymbilviku. Um vorið fara elstu börnin í Vatnaskóg. Foreldradagar, útskrift, sveitaferð, lautarferð, vettvangsferðir og sumarhátíð.

Kynning á leikskólanum

Heimasíða leikskólans er vettvangur til að koma á framfæri fréttum og viðburðum. Forráðamönnum, kennaranemum og nýju starfsfólki er bent á að afla sér upplýsinga á heimasíðu.

- ◆ Lokaður Facebookhópur, ætlaður forráðamönnum og starfsfólki.
- ◆ Lokaðir Facebookhópar hópstjóra fyrir forráðamenn hvers barnahóps
- ◆ Starfsfólk sendir tölvupóst og nýtir Völu til upplýsinga.
- ◆ Kynningarfundur fyrir nýja foreldra/forráðamenn í júní.
- ◆ Forráðamönnum er boðið einu sinni í mánuði á ýmsar uppákomur.
- ◆ Kynningarmyndband leikskólans má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla, reglugerðum, aðalnámskrá leikskóla og markmiðum Kópavogsbæjar um sérkennslu í leikskólum bæjarins. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við foreldra/forráðamenn. Framkvæmd sérkennslu er á ábyrgð alls starfsfólks, en sérkennslustjóri skipuleggur þá vinnu í samstarfi við deildarstjóra.

Litið er á sérkennsluna sem viðbót fyrir börn sem þurfa aðstoð og litið til einstaklingsþarfa hvers og eins barns. Í sérkennslu er haft að leiðarljósi að barnið geti notið skóladvalar sinnar og að það geti þroskast sem best á eigin forsendum. Lagt er upp með að barn sem nýtur sérkennslu fái notið hennar í barnahópnum og markmiðið er að ýta undir sjálfstæði, vellíðan og alhliða þroska barnsins. Áhersla er lögð á að virkja áhugahvöt og virkni barnsins inni í barnahópnum og stuðla að félagsþroska þess.

Framkvæmdar eru ýmsar athuganir og kennurum og forráðamönnum veitt ráðgjöf. Þegar þess þarf með fylgir sérkennslustjóri eftir málum barna sem fara í grunnskóla.

Öryggismál (7)



Skóli og menning skilja
höfuðið frá líkamanum.
Við neyðumst til að hugsa
án líkama og starfa án höfuðs.

Leikurinn og vinnan
veruleikinn og ímyndunarafl
vísindi og hugarheimar
eru gerð að andstæðum.

Loris Malaguzzi

Öryggismál

Í Fögrubrekku er öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna starfsins eða starfsumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum. Fyrirkomulag öryggis- og slysavarnamála sjá öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður um. Slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við VÍS. Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum:

https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_leikskola.pdf


Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks. Í nefndinni eru aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri. Nefndin hittist þegar þarf og fer yfir öryggisatriði húsnæðis og útisvæðis. Gert er áhættumat og aðgerðaráætlun varðandi öryggi á innra starfi einu sinni á ári. Nýttir eru vinnuumhverfisvísar frá Vinnueftirliti. Starfsfólk kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf. Á hverjum morgni er farið yfir útileiksvæðið. Tvisvar á ári eru brunabjöllur settar í gang og einu sinni á ári er brunaeving. Slökkvilið höfuðborgarsvæðis, vinnueftirlitið, heilbrigðiseftirlitið og eftirlitmaður lóða gera úttekt árlega. Öryggislýsingar og slökkvitæki eru einnig yfirfarin árlega. Leikskólastjóri og yfirmaður fasteigna fá niðurstöður úttekta og bregðast við ef þarf.

Áfallaráð

Í áfallaráði sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri. Hlutverk áfallaráðsins er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barns eða starfsfólks varðandi slys, sorg eða einelti. Áfallaráðið hefur til hliðsjónar áfallaáætlun leikskólans, jafnréttis- og mannréttindastefnu og eineltisstefnu Kópavogsbæjar, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi og verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum.

Áfallaáætlun, jafnréttisáætlun og eineltisstefna eru á heimasíðu leikskólans.



Foreldrasamstarf (8)



**Farsælt foreldrasamstarf
leiðir af sér á
nægða foreldra,
ánægð börn,
ánægt starfsfólk.**

**Gott foreldrasamstarf
er lykilinn að
námi og velferð barna.**

**Frábært foreldrasamstarf
er uppbyggjandi og hvetjandi
á báða boga.**

Foreldrasamstarf

Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og skóla. Samstarfið byggir á þeirri forsendu að foreldrar bera megin ábyrgð á uppeldi barna sinna. Áhersla er lögð á góð dagleg samskipti. Leitast er við að koma til móts við óskir foreldra svo fremur að það komi ekki niður á gæðum starfsins, aðbúnaði eða umönnun barnsins. Það er mjög mikilvægt að foreldrar láti vita hvað hægt er að gera betur, einnig ef þeir eru ánægðir með starfið.

Áherslupættir

- ◆ Stuðla að góðri samvinnu og trúnaði.
- ◆ Hafa opin og jákvæð dagleg samskipti.
- ◆ Rækta samvinnu og samskipti heimilis og skóla.
- ◆ Leita upplýsinga um starfsemina.
- ◆ Stuðla að þátttöku foreldra/forráðamanna í skólastarfinu.
- ◆ Starfsfólk virði foreldra/forráðamenn og ákvarðanir þeirra.
- ◆ Hafa samtöl einu sinni á ári, oftast ef þurfa þykir.
- ◆ Miðla upplýsingum og halda fundi.

Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla. Foreldraráð styður við starf leikskólans. Í foreldraráði eru þeir sem eru í stjórn foreldrafélagsins, ásamt starfsmanni leikskólans. Starfsreglur foreldraráðs eru á heimasíðu leikskólans.

Hlutverk

Gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn. Gefa umsagnir um allar meiri háttar breytingar í starfinu.

Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Fræðsla og upplýsingamiðlun til foreldra fer að mestu fram í daglegum samskiptum, þegar barnið kemur í leikskólann og þegar barnið er sótt. Eftir áramót eru foreldrar boðaðir í samtal, því mikilvægt er að foreldrar séu upplýstir um stöðu barnsins og starfsemi leikskólans. Í júní eru nýir foreldrar boðaðir á kynningarfund að morgni. Fundir eru haldnir með foreldrum, sérkennslustjóra, kennurum og öðrum fagaðilum ef nauðsyn þykir. Leikskólastjóri sendir fréttapistla reglulega í tölvupósti, til að mynda upplýsingar um starfsmannamál, ferðir og annað sem viðkemur daglegu starfi leikskólans.

Þátttaka foreldra í starfi leikskólans

Foreldrar eru hvattir til þátttöku í starfinu, byggt á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann og er boðið í foreldrakaffi að morgni eða síðdegis einu sinni í mánuði. Feðrum og öfum er boðið í þorramat og mæðrum og ömmum í smáréttahlaðborð. Foreldrafélagið stendur fyrir eggjaleit um páskana. Börnin bjóða í tónlistar- og hreyfistund. Elstu börnin bjóða í útskrift sína, sýna leikrit, syngja og spila á blokkflautu. Foreldrum er boðið með í sveitaferð með barni sínu og á sumarhátíð.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur þátt í ýmsum viðburðum. Foreldrasjóður er til að greiða kostnað við ýmsa viðburði svo sem rútur í sveitaferð, útskriftarferð í Vatnaskóg, leiksýningar, góðgæti fyrir starfsfólk og jóla- og sumargjöf. Aðild að félaginu er frjáls samkvæmt lögum. Starfsmaður í leikskólanum er tengiliður við stjórn.

Markmið

- ◆ Auka samvinnu foreldra og starfsfólks.
- ◆ Stuðla að velferð og tryggja hagsmuni barna.
- ◆ Taka þátt í starfsemi og viðburðum.

Starfsfólk (9)



Starfsfólk

Starfsmannastefna

Starfsmannstefna byggist á góðri samvinnu, gagnkvæmri virðingu, lýðræðislegum starfsháttum og að viðhalda góðum starfsanda. Starfsfólk er ábyrgt fyrir framangreindu og ber að samræma starfaðferðir sínar. Mikilvægt er að hafa skýra verkaskiptingu og skýrt vinnufyrirkomulag. Sveigjanleiki er lykilhugtak í starfinu og ber starfsfólki að aðlaga starfið að þörfum barnsins. Starfsfólki ber sjálft að leysa ágreining sem upp kann að koma innan hópsins eða leita eftir aðstoð. Unnið er markvisst að hópefningu í starfsmannhaldinu því upptækur og skemmtanir eru til að auka ánægju og vellíðan starfsfólks.

Áherslur í samstarfi

Lögð er áhersla á að starfsfólk starfi sem ein heild og er starfið skipulagt samkvæmt því. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er til að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólksins. Starfsfólki gefst kostur á að sækja námskeið, ráðstefnur eða aðra viðburði er varða leikskólastarf og menntavísindi. Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starfsfólk. Stjórnendur fara yfir starfsemi leikskólans og deildarstjóri fer yfir starfseminna á deildum og kynnir börnin og samstarfsfólk. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári, oftast ef þörf þykir. Starfsfólk tjáir sig um eigin frammistöðu og leitar samráðs eða handleiðslu. Leikskólastjóri upplýsir starfsfólk um framgang þess, samskipti milli deilda, barna, starfsfólks og forráðamanna. Til staðar er mappa fyrir starfsfólk með ýmsum upplýsingum um starfsemi leikskólans.

Fundir

- ◆ Á morgunfundi er farið yfir mönnun deilda.
- ◆ Á morgunfundi á föstudögum er næsta vika skráð á töflu, í dagbók deilda og dagbók leikskólastjóra.
- ◆ Starfsmannafundir eru nýttir til ýmissa mála og fræðslu.
- ◆ Deildarfundur er á föstudegi, einu sinni í mánuði. Þá er meðal annars rætt um deildina, skipulagið, starfið, börnin og það sem efst er á baugi.

- ◆ Fagfundir/deildarstjórafundir eru þegar brýn þörf þykir á því.
- ◆ Samráðsfundur leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er á föstudögum.
- ◆ Handleiðslufundir eru nokkrum sinnum yfir árið, hjá leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Markmiðið með fundunum er að styrkja stjórnendur í starfi.

Samsetning starfsmannahópsins

Í Fögrubrekku er gert ráð fyrir 11,75% stöðugildum á deildir, 100% stöðu leikskólastjóra, 15% stöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1,62 stöðugildi í eldhúsi. Deildir eru einnig með starfshlutfall vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu.

Deildarstjóri er yfirmaður deildar. Annað starfsfólk starfar samkvæmt starfslýsingu kennara, fyrir utan starfsfólk sem er í sérkennslu eða öðrum verkefnum.

Leikskólanum gefst kostur á að fá í vinnu unglinga á hverju sumri í samstarfi við Vinnuskóla Kópavogs. Hefur það gefið góða raun og er frábær viðbót við starfsmannahópin.



Góður starfsandi hefur áhrif á starfsánægju, veitir vellíðan, knýr starfsfólk áfram.

Góður starfsandi vekur öryggiskennd og skiptir mál fyrir vellíðan starfsfólks.

Góður starfsandi snýst um hugarfar, virðingu og jákvæðni starfsfólks.

Samstarf (10)



Samstarf

Samstarf við grunnskóla

Markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er hugsað til þess að skapa samfellu í lífi barna og finna leiðir til að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra. Starfað er með mismunandi hætti í hverfum Kópavogs. Stjórnendur bera ábyrgð á framkvæmdinni, en þeim ber að tryggja að öll börn taki þátt í samstarfinu.

Fagrabrekka er í samstarfi við Álfhólsskóla, Álfaheiði og Efstahjalla. Í upphafi vetrar hittast stjórnendur skólanna ásamt deildarstjóra yngsta stigs og gera starfsáætlun. Í áætluninni eru skráðar heim-sóknir elstu barna í grunnskólann, 1. bekkjar í leikskólann og samstarfsfundir skólanna. Samstarf er við deildarstjóra elsta stigs, en nemendur úr 9. bekk koma ár hvert í leikskólaval. Kennarar elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans kynna starf sitt á sameiginlegum fundi. Sérkennslustjóri fundar með fulltrúum grunnskólans vegna barna með sérþarfir.

Samstarf við aðra

Fagrabrekka á í samstarfi við fjölmarga aðila eins og starfsfólk menntasviðs Kópavogs, ýmsa sérfræðinga hjá Félagsþjónustu Kópavogs, barnavernd, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, birgja og skóla um land allt.

Börn eru háð þekkingu og félagslegum tengslum sem eru síbreytileg.

Loris Malaguzzi

Samfella í námi er mikilvæg og byggir á reynslu og forsendum barnsins.

Barn byggir upp reynslu, þekkingu, færni og viðhorf „learnig by doing“.

John Dewey



Mat á skólastarfi (11)



Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi

Mat á námi og velferð barna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu. Mat á þannig að efla sjálfstraust og sjálfsmynd barnsins og stuðla að jafnrétti til menntunar. Lögð er áhersla á að mat á námi barna og líðan byggist á þátttöku og samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks leikskóla, foreldra og barna.

Mat og matsaðferðir

Starfið í leikskólanum er í stöðugri í þróun, þar á sér stað sífellt endurmat, hvort sem um ræðir faglega starfið eða annað sem snýr að leikskólanum. Farin er ákveðin leið til að ná þeim markmiðum og áherslum sem sett er fram hverju sinni. Innra mat skal vera umbóta-miðað og ná til flestra þátta skólastarfsins. Um er að ræða innra mat sem starfsfólk leikskólans framkvæmir og ytra mat sem utanaðkomandi aðili á vegum sveitarfélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila vinnur.

Markmið mats er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og efla skólaþróun. Veita aðilum skólasamfélagsins, fræðslu-yfirvöldum, starfsfólki leikskóla og forráðamönnum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Mat veitir vitneskju um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Skipuleggja skal aðgerðir til að koma á umbótum. Niðurstöður mats og umbótaáætlun koma fram í starfsáætlun. Starfsáætlun er endurmetin ár hvert og umbótaáætlun gerð fyrir næsta skólaár.

Uppeldisfræðileg skráning er aðferð sem notið er til að gera starf og nám barna sýnileg.

Uppeldisfræðileg skráning er mat til að ígrunda styrkleika barna.

Uppeldisfræðileg skráning gerir kennurum kleift að skilja nám og leik barna enn betur.

Samkvæmt lögum skal skólanámskrá endurskoðuð á fimm ára fresti. Á hverju ári er námsþáttur metinn og í kjölfarið er gerð umbótaáætlun í samræmi við niðurstöður. Starfsfólk gerir skráningar út frá myndum sem teknar eru af börnunum í starfi og leik. Á deildarfundum endurmetur starfsfólk og samræmir sig hvað varðar einstök börn eða barnahópinn. Þegar foreldrasamtal hefur átt sér stað eru niðurstöður kynntar fyrir starfsfólki deilda. Einstaka viðburður er endurmetinn og gerðar breytingar ef þess gerist þörf.

Sértækir matslistar

Hljóm2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi. Það kannar hljóðkerfisvitund 5 ára barna, er lagt fyrir á haustin og að vori ef þess er þörf. Niðurstöður gefa vísbendingar um gengi lestrarnáms.

Börn

Í leikskólanum gefst börnunum tækifæri til að meta leikskólastarfið. Niðurstöður eru ígrundaðar og nýttar til að gera starfið betra. Mat er gert að hausti og að vori. Misjafnt er á hvaða aldri börnum eru sem meta starfið, en mikilsvert er að sjá með þeirra augum og heyra lýsingar þeirra á starfinu.

Kennarar og starfsfólk

Starfsfólk metur samstarf og samskipti annað hvert ár. Listinn er sendur rafrænt. Annað í leikskólastarfinu er endurmetið til að mynda dagatal leikskólans, ýmsir viðburðir, umbóta- og starfsáætlun.

Forráðamenn

Matslisti er lagður fyrir foreldra/forráðamenn annað hvert ár. Könnunin er send rafrænt frá menntasviði Kópavogs. Niðurstöðurnar gefa kennurum og starfsfólki vísbendingar um hvað foreldrar/forráðamenn eru ánægðir með og hvað betur má fara. Hægt er að meta einstaka þætti starfsins. Gerð er könnun á þátttöku barna í starfi á milli jóla- og nýárs og sumarlokun leikskólans.

Mat á starfsáætlun 2019-2020 (12)



Mat á starfsáætlun 2019-2020

Skólastarfið

Unnið var að þema í lengri eða skemmri tíma. Hópstjórar útfærðu þemastarfið með börnunum, studdu námið í gegnum leik og sköpuðu fjölbreytt leikumhverfi, tíma og rými. Sjálfstæði var eftir hjá barninu, tekið tillit til þess og hlustað á rödd þess. Útildstæðið var mikið nýtt í útveru og unnið markvisst með bangsann Blæ.

Barnahóparnir

Í **Dreka-Krummahóp** var sest niður á hverjum morgni og rætt við börnin. Skipulagðar vinastundir voru allan veturinn, þar lærðu börnin að „vera góður vinur og góð manneskja“. Einnig var unnið með félagsfærni, samskipti og liðsanda. Börnin útbjuggu sínar eigin reglur og voru dugleg að minna hvort annað á þær. Unnið var með Blæ, leikið með tölur og bókstafi, spilað, perlað, teiknað, fönðrað, lesið og sungið. Einnig voru ýmis verkefni unnin tengd hátíðum og hefðum. Ofurhetjur og hjálpssemi voru ofarlega í huga barnanna og unnu þau verkefni sem efldi vináttu þeirra og verkefni út frá Barnasáttmálanum. Í samvinnu við foreldra/forráðamenn keyptu börnin leikföng, útbjuggu jólapakka til að gleða fátæk börn.

Eftir áramótin fór tíminn í að spinna leikrit. Rætt var við börnin og komu margar skemmtilegar hugmyndir hjá þeim. Úr varð leikrit með mörgum ævintýrapersónum þar sem börnin voru með ákveðnar skoðanir hvaða persónu þau vildu leika. Sumir vildu vera tölvusnillingar, aðrir vildu vera Ronja, Elsa, Anna eða Matthildur. Allir fengu sína ósk uppfyllta. Síðan var sest niður með börnunum og hugmyndir þeirra ígrundaðar um hvernig hægt var að búa til leikrit með öllum persónunum. Það spunnust upp margar spurningar hjá þeim: „Hvernig eru tölvustrákar? Hvað gera Elsa og Anna? Ronja hún er nú nokkuð hugarök og þorir að stökkva yfir Helvítisgjána og Matthildur er mjög vitur“. Í sameiningu tókst að tengja persónurnar við það sem börnin höfðu lært í Vinastund og í vinnu með Barnasáttmálann.

Í **Skrýmslahóp** urðu breytingar á barnahópnum en sex börn fóru annaðhvort í aðra hópa eða í aðra leikskóla. Í þeirra stað komu sjö börn, að mestu leyti úr öðrum hópum. Börnin í hópnum voru samhent og leikgleðin mikil hjá þeim. Þau sýnu mikinn áhuga á að lita, mála og útbúa alls konar listaverk. Börnin voru líka frjó í hlutverka- og ímyndunarleikjum.

Tónlistin var ríkjandi í hópnum jafnt úti sem inni. Samverustundir voru að morgni og voru nýttar fyrst og fremst til að ræða saman um skipulag dagsins og næstu daga. Börnin tjáðu sig um hvað það var sem þau langaði til að gera og datt í hug.

Læsi var ríkjandi í vetur, mikið lesið og rætt um bókina jafn óðum. Samstarf var við foreldra/forráðamenn barnanna um að börnin kæmu með bók í leikskólann til lesturs. Farið var í vettvangsferðir að heimili barnanna þar sem teknar voru myndir af þeim fyrir utan húsið þeirra. Einnig var farið í ferðir að leita að tröllum og ummerkjum um þau. Barnahópin ætlaði að vinna með tröllaþema um vorið en svo kom COVID-19. Samkomubann og skert skólastarf setti mark sitt á starfið eftir áramót þannig að ekki gafst tækifæri til þess að vinna að því með barnahópnum.

Í **Hvolpahóp** var unnið með þema „ég sjálf-/ur“. Börnin teiknuðu líkamann sinn, skoðuðu hvað er innan í honum og settu inn á hann hvar hvert líffæri var. Farið var í margar vettvangsferðir. Meðal annars var farið í ferð að húsum barnanna. Þau unnu verkefni úr þeirri ferð, til að mynda teiknuðu þau húsin sín.

Vináttan var í fyrirrúmi hjá börnunum, þau ígrunduðu; „Hvernig er ég góður vinur?“ og útbjuggu reglur um vináttuna. Unnið var mikið með Blæ. Börnin gerðu risa blokk fyrir litla Blæ og hvert og eitt barn innréttaði eitt herbergi, litaði og málaði. Kennararnir ræddu mikið við börnin um hvað mamma og pabbi þeirra gera og unnu verkefni út frá þeim hugleiðingum.

Mikil áhersla var lögð á að kynna náttúruna fyrir börnunum. Börnin notuðu stækkunargler og skoðuðu hluti sem þau fundu í náttúrunni. Börnin og kennararnir gerðu margar tilraunir á útildstæðinu.

Líta á list sem aðferð til að þroskast og nálgast viðfangsefni. Listgreinar eru samþættaðar starfi og leik.

Markmiðið er ekki að skapa framtíðarlístamenn heldur að opna augu barnsins fyrir fegurðinni sem í listinni býr svo barnið megi njóta hennar sem best og verða skapandi virkur.

Loris Malaguzzi

Mat á starfsáætlun 2019-2020



Í **Ugluhóp** urðu miklar breytingar. Börn fóru á Rauðubrekku, fluttu annað, komu úr öðrum hóp og úr öðrum skólum, það tók því sinn tíma að finna jafnvægið í hópnum. Sum barnanna áttu erfitt með að fylgja fyrirmælum, því fóru fyrstu vikurnar í að ígrunda og rifja upp ýmsar samskiptareglur innan hópsins. Börnin voru dugleg að leika, púsla, perla og vinna þemaverkefni sem lögð voru fyrir. Þau máluðu, unnu með jarðleir og æfðu sig að klippa og teikna. Börnin unnu með hljóð, bókstafi, tölur og tölustafi. Kubbar af öllum stærðum og gerðum voru mikið notaðir og sýndu börnin mikla hugmyndaauðgi í byggingum sínum. Börnin lærðu söngva og kennararnir lásu bækur og ljóð eftir Þórarinn Eldjárn og Böðvar Guðmundsson sem voru í uppáhaldi hjá börnunum. Einnig voru lesnar lengri sögubækur fyrir færri börn í einu. Svo kom COVID-19. Barnahópnum og starfsfólki var skipt í tvennt. Börnin fundu sér leikfélaga úr öðru hópum, gekk það vonum framar og var almennt mikil ró yfir öllu. Þegar allir hittust aftur urðu fagnaðarfundir og flestir glaðir að komast aftur í rútínu. Það hefur greinilega góð áhrif á börnin að byrja daginn úti, þau eru rólegri og eiga auðveldara með einbeitingu þegar inn er komið.

„Hafi barnið ekki fyrir framan sig þraut, sem þarf að leysa, getur fróðleikurinn orðið rangur, hann kemst ekki til skila.

Til þess að barn geti tekið við fróðleik verður að fylgja spurning sem tengist honum“.

Loris Malaguzzi

Í **Apahóp** í haust gekk aðlögun á börnum afar vel. Traust og öryggi myndaðist á milli barna, starfsfólks og foreldra/forráðamanna, sem er lykilatriði fyrir velferð barna, góðra tengsla og ánægju. Starfsfólk lagði áherslu á að kynnast börnunum, því mikilvægt var að hjálpa þeim að takast á við aðskilnaðinn við foreldra og að þau finndu fyrir hlýju og umhyggju sem starfsfólkið hafði fram að færa. Það skapaðist öruggt og hlýtt umhverfi fyrir börnin, vinátta myndaðist og ævintýrin gerðust. Starfsfólkið fylgdist grannt með börnunum í leik. Þau voru forvitin um hluti, sérstaklega þegar þau uppgötvaðu hvað hlutirnir gátu gert eða hvað þau gátu gert sjálf við hlutina. Ýmis efniviður var alltaf aðgengilegur fyrir börnin. Efniviðurinn sem vakti áhuga þeirra, gerði starfsfólkinu kleift að kynnast áhugasviði þeirra nánar.

Í tengslum við viðburði vetrarins var fönndrað mikið. Börnin uppgötvaðu nýjar og skemmtilegar aðferðir í leik og starfi. Börnin léku með ljós og skugga og fannst það alltaf jafn spennandi. Það var mjög vinsælt að mála og sjá töfrana þegar litirnir blönduðust saman.

Söngur, tónlist og dans var eitt af því áhugaverðasta sem börnin sóttust í, en þá gafst þeim tækifæri til að tjá sig líkamlega og tilfinningalega og deila gleði með jafnöldrum sínum. Þau hermdu eftir hvort öðru þegar þau dönsuðu, sungu, borðuðu eða léku saman. Tónlistartímarnir voru eftirsóknarverðir og börnin fögnuðu alltaf þegar kennarinn kom með opnum örmum og gleðisvipbrigðum.

Útivera var daglega. Börnunum fannst mjög gaman að leika úti, fundu fyrir frelsi og endalausum rými til að hreyfa sig. Þau uppgötvaðu allt aðra hluti í leiknum úti en í leiknum inni. Börnin höfðu gaman af að hafa búningadag, bjóða foreldrum sínum í kaffi og baka piparkökur fyrir jólin, sem endurspegladi gleði þeirra. Börnin unnu ýmis verkefni, til að mynda gerðu þau listaverk í tilefni af degi leikskólans, sumir fingrámáluðu og aðrir máluðu með pensli. Börnin límdu vinahendur á lista-verkið.

Í **Fiðrildahóp** mættu allir glaðir og kátir eftir sumarleyfi og tilbúnir í vetrarstarfið. Börnin voru búin að vera í skólanum í tæpt ár og höfðu öll þroskast á árinu, bætt við sig þekkingu og reynslu. Öllum hafði farið fram í að tala, tjá sig og voru orðin sjálfbjarga með margt. Börnin klæddu sig úr útifatnaði og skóm og jafnvel í útifötin, þó sumt vefjist enn fyrir þeim. Börnin voru dugleg að reyna sjálf og eru hvött til þess áður en þeim er hjálpað. Börnin voru byrjuð að læra að leggja á borð og skammta sér sjálf, en vegna COVID-19 hefur því ekki verið viðhaldið. Dagsskipulagið var með svipuðu sniði og áður. Viðfangsefni og verkefni barnanna miðuðust við á hvaða svæði hópurnir var hverju sinni. Í heimastofu var unnið og leikið með kubba, perlur, púsl, leir, liti og ýmsan efnivið. Í hreyfisal voru hreyfistundir og frjáls leikur. Börnin voru áreðin í að klifra og stökkva.

Mat á starfsáætlun 2019-2020



Bökuðu lummur, pitsur og hituðu kakó. Fínhyfingar voru æðar á margs konar hátt innan hópsins, perlað, teiknað, litað og málað. Í Tómsundasal fór listsköpun fram. Börnunum fannst gaman að prófa mismunandi efnivið og aðferðir og voru óhrædd að koma við málningu og annan efnivið. Tónlist og sögulestur átti sinn sess í starfinu. Börnin sýndu áhuga og höfðu gaman af að hlusta á langar sögur og ævintýri. Tónlistartímar voru einu sinni í viku og voru börnin kát og glöð að fara í þá tíma. Hefðbundið föndur og jólagjafagerð var á haustmánuðum.

Útivera var á hverjum degi. Eftir COVID-19 var ákveðið að byrja daginn á að vera úti og gafst það mjög vel. Börnin sem áttu erfitt með að kveðja foreldra sína, sýna meiri gleði við það að fara beint í útiveru. Þau leita að vinum sínum í garðinum þegar þau mæta í skólann.

Vormánuðirnir voru frekar óvenjulegir og varð að fresta ýmsum viðburðum sem foreldrar/forráðamenn hefðu annars tekið þátt í. Börnin mættu annan hvern dag í skólann og þegar börnin mættu öll aftur voru það glöð börn sem hittu aftur vini sína sem þau höfðu ekki séð lengi.

Tónlist og hreyfing

Sérgreinastjóri sá um tónlistar- og hreyfistundir barnahópanna. Gerð var áætlun sem náði yfir starfsárið og var aðgengileg kennurum. Börnin fóru í tónlist einu sinni í viku. Áherslur á Gulubrekku voru að hlusta á fyrirmæli, taka þátt, skiptast á hljóðfærum, syngja saman, spila á hljóðfæri og hlusta á mismunandi hljóð. Ýmis hljóðfæri voru kynnt fyrir börnunum sem þau prófuðu að spila á. Á Rauðubrekku voru nýjar áherslur þar sem tónlistar- og hreyfistundir voru í útiveru. Útísvæðið, náttúran og skapandi efniviður voru notuð í verkefnavinnu í tengslum við tónlist og hreyfingu. Elstu börnin tóku þátt í 30 ára afmæli Barnasáttmálans í Salnum og sungu Friðarljóð ásamt börnum í leikskólum í Kópavogs. Þau sungu einnig um jólin í Sunnuhlíð. Næst elstu börnin sungu jólalög á bæjarskrifstofu Kópavogs. Elstu börnin lærðu á blokkflautu eftir áramótin og spiluðu í útskrift sinni.

Eftir áramót, féllu tónlistar- og hreyfistundir niður, vegna COVID-19. Haldin var fjarsöngstund í gegnum netið tvisvar sinnum í leikskólanum. Börnin sem voru heima sungu með börnunum sem voru í leikskólanum, þann daginn og svo öfugt. Hefðbundnum foreldradögum var aflýst. Elstu börnin unnu leikrit í tengslum við tónlist og hreyfingu.

Hefðir leikskólans

Hefðirnar tengjast dagatali leikskólans. Það eru litlar breytingar milli ára, en dagatalið er gefið út með fyrirvara um breytingar.

Mat á námssviðum leikskólans

Samkvæmt starfsáætlun átti að meta námsþáttinn, sköpun og menningu, því miður þá fórst það fyrir hjá okkur. Sköpun og menning er þó ríkur þáttur í leikskólanum þó hann hafi ekki verið metinn sérstaklega. Fjölbreyttur efniviður er mikið notaður en leikskólann hefur yfir að ráða efnisveitu sem hefur að geyma mikinn skapandi efnivið. Tónlist er eitt af aðal viðfangsefnum barnanna. Þau hlusta á tónlist, dansa, kynnast hljóðfærum, læra nótur, rypma og á blokkflautu. Leikræn tjáning er einn af megin þáttum í leikskólanum, en börnin setja upp leiksýningar og dansa og/eða syngja á foreldradögum. Starfsáætlun var endurmetin og það sem ekki var gert eða náðist í umbótaráætlun síðast liðins árs, fer í umbótaáætlun næsta skólaárs.

Starfsáætlun

Það varð að gera breytingar á ýmsu í starfinu vegna Covid-19. Það var ekki farið í sveitaferð, engir foreldradagar voru haldnir í maí og útskrift elstu barna var færð í Hjalla Álfhólsskóla þar sem foreldrar/forráðamenn gátu setið með 2ja metra milli bili.

Starfsreynsla kennara og starfsfólks


Starfsfólk hefur mikla reynslu af leikskólastarfi og starfsaldur er frekar hár. Starfsmannavelta er lítil, sem endurspeglar staðblæ, stöðuleika og starfsánægju þeirra sem starfa í leikskólanum.

Litið er á sterku hlíðar barnsins.

Talað er við barnið á jafnréttisgrundvelli.

Barn þarf að finna að því sé treyst.

Mat á starfsáætlun 2019-2020



Starf barna á að vera:

Áhugahvetjandi

Sýnilegt

Oplö

Skapandi

Virkt

Fjölbreytt

Litríkt

Gefandi

Vinnuumhverfisvísar

1. Mikið álag á vissum tímum dagsins, leita lausna.
2. Virkja öryggistrúnaðarmenn meira.
3. Muna að gera úrbætur og hafa eftirfylgni.
4. Hvetja starfsfólk til heilbrigðra lífshátta.
5. Veita nýju starfsfólki þjálfun og fræðslu.
6. Hafa færri börn í rýmum, dreifa okkur um svæðin.
7. Hvetja, hrósa, veita starfsfólki viðurkenningu.
8. Tala í hæð barna og nálægt þeim, það dregur úr hávaða.
9. Ný útiljós sunnan megin.
10. Skipta þarf um útidyrhurðir.
11. Betri aðstöðu fyrir starfsfólk sem situr með börnunum á gólfinu.

Börn

Í desember 2019 voru 68 börn í leikskólanum, þar af 16 börn af erlendum uppruna. Dvalartímar voru 557,5 hvern dag. Barngildin voru 87,72.

Fjöldi stunda yfir daginn

- 1 barn í 6,0 klukkustundir
- 4 börn í 7,0/7,5 klukkustundir
- 27 börn í 8,0 klukkustundir
- 29 börn í 8,5 klukkustundir
- 7 börn í 9,0 klukkustundir

Aldursskipting:

- 17 börn fædd 2014
- 11 börn fædd 2015
- 13 börn fædd 2016
- 20 börn fædd 2017
- 5 börn fædd 2018

Mat foreldra

Ekkert foreldramat var síðastliðið ár.

Sérkennsla

Unnið var með einstaklingum og í litlum hópum. Áhersla var lögð á að efla færni barnsins í leik og verkefnavinnu. Í sérkennslu og málörvun voru 27 börn. Um var að ræða frávík vegna félagsfærni, málþroska og fínhyfinga. Í einstaklingskennslu voru 9 börn. Unnið var með þeim samkvæmt einstaklingsáætlun í samráði við foreldra/forráðamenn.

Starfsfólk

Samsetning starfsmannahópsins

Stöðugildin voru 23,31% í heildina. Stöðugildi stjórnenda, deilda, sérkennslu, nema og afleysinga. Í Fögrubrekku starfaði leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, þrír leikskólakennarar með deildarstjórn, leikskólakennaranemi með deildarstjórn, kennari, þrír leikskólaliðar, tveir háskólamenntaðir starfsmenn, átta leiðbeinendur, matreiðslumeistari, aðstoðarmatráður og háskólanemi og menntaskólanemi í skilastöðu. Kópavogsbær bauð starfsfólki upp á heilsufarsmælingu sem var á vegnum SÍBS. Hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslu kom í leikskólann til að bólusetja starfsfólk fyrir influensu.


Starfsaldur

- 5 ár eða skemur, 11 starfsmenn
- 6 til 10 ár, 3 starfsmenn
- 11 til 15 ár, 8 starfsmenn
- 16 til 20 ár, 2 starfsmenn
- 21 til 25 ár, 1 starfsmaður
- 26 ár eða lengur, 3 starfsmenn

Rúmlega helmingur starfsfólksins hefur starfað lengur en 5 ár. Um 40% starfsfólks hefur 10-40 ára starfsreynslu í leikskólastarfi.

Unglingar frá Vinnuskóla Kópavogs koma á hverju sumri til starfa og eru góð viðbót við starfsmannahópin.

Mat á starfsáætlun 2019-2020



Listform eru sýnleg.

Sögur og ljóð lesið.

Efnisveitan nýtt.

Náttúran nýtt til sköpunar.

Sköpunarkraftur barnanna nýttur.

Ferlið skiptir máli ekki

afraksturinn.

Tími til ígrundunar.

Svæðin nýtt fyrir verk barnanna.

Skrá niður það sem börnin hafa að segja.

Mat starfsfólks

Starfsmannakönnun framkvæmd af Skólaláttunum

Í niðurstöðum kom fram að flestu starfsfólki finnst mikið að gera, en veit hvað ætlast er til, kunnáttu þess nýtist og því finnst starfið mikilvægt. Starfsfólki finnst vinnustaðurinn hvetjandi og styðjandi, það er lítil tortryggni og vantraust, það fær stuðning og á það er hlustað. Samskipti eru góð á deildum og engin orðið fyrir áreiti né einelti. Starfsfólk fær stuðning og aðstoð frá stjórnendum, það er hlustað, vinnuframlag er metið, réttlæti sýnt og lítil streita er. Stjórnendum er umhugað um heilsufar og velferð starfsfólksins. Starfsfólki finnst samskipti við börnin mjög góð og er til fyrirmyndir hvað varðar umönnun og umhyggju gagnvart þeim. Starfsfólkið telur foreldra vel upplýsta og vera hvatta til þátttöku. Starfsfólkinu fannst í heild að: Vinnustaðurinn sé frábær og samstarfsfólkið. Finnst gaman að koma í vinnuna og vinna með börnunum. Starfsandinn góður, stjórnandinn góður og stöðugleiki í starfsmannahópnum.

Starfsmannasamtal

Leikskólastjóri tók hópasamtöl. Markmiðið með hópasamtali var að ræða samstarfi innan hvers hóps fyrir sig, líðan í starfi, starfsandann og samvinnu milli hópa og deilda. Samtölin gáfust mjög vel.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Sú nýbreytni var tekin upp í mars að taka á móti börnunum úti að morgni og skila börnunum úti síðdegis. Unnið verður við heimsmarkmiðin og Barnasáttmálann. Það er búið að kynna hvoru tveggja fyrir starfsfólki, en vinnan er á byrjunarstigi. Unnið verður að endurnýjun námskrá leikskólans.

Skipulagsdagar

Þær breytingar urðu að það voru 4 skipulagsdagar á starfsárinu í stað 5, þar sem 1 féll niður, vegna Covid-19.

20. september var farið í Skálholt. Byrjað var á hópefli og öðrum málum. Leikskólastjóri fór yfir vetrarstarfið og Reggio Emilia hugmyndafræði leikskólans. Deildarstjóri kynnti KVAN deildarstjóranámskeiðið sem fjallaði um „Kærleik, vináttu, alúð og nám“. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru yfir nýjar stefnur, reglur, áætlanir, heimsmarkmiðin og Barnasáttmálann. Námsferðin til Glasgow var rædd í máli og myndum.

21. nóvember var byrjað á hópefli: „Skoðaðu sjálfan þig“. Önnur mál voru rædd. Starfsfólkið las saman kafla úr bókinni: „Önnur skynjun—ólík veröld“. Farið í gátlista vegna mats allra aldurshópa á sköpun og menningu – Sameiginleg viðmið 2019-2020. Jafnréttisáætlun leikskólans kynnt og Atvikaskráning.

2. janúar var byrjað á hópefli og öðrum málum. Farið var í skipulag vor- og sumarannar. Einnig voru deildarfundir.

23. mars féll niður vegna COVID-19.

22. maí var byrjað á hópefli og öðrum málum. Starfsfólki var skipt upp í hópa og farið var í tiltekt. Í lok dags var endurmat á starfsárinu.



Endur— og símenntunaráætlun (18)



Kennarar sýna börnunum:

Jákvætt viðhorf t

Áhuga

Geði

Ánægju

Virðingu

Umhyggju

Spennandi og
krefjandi verkefni

Endur- og símenntunaráætlun

Endur- og símenntunaráætlun

Starfsfólk sótti námskeið og fyrirlestra á vegum Kópavogsbæjar, Háskóla Íslands, RannUng og annarra stofnana.

Skipulagsdagar voru nýttir til endur- og símenntunar.

Leikskólastjóri fór á málþing og var á rafrænum fundum á vegum KÍ. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á námskeið vegna innleiðingu Barnasáttmálans, Heimsmarkmiða, persónuverndarlaga, Atvik slysaskráningar, Alfreð ráðningarkerfi og Völu og Lísu leikskólakerfa.

Leikskólastjóri fór í námsferð til Valencia „Samskipti, sjálfskoðun og hrós“ og á skólamálaþing.

Nokkrir kennarar og starfsfólk fóru á Menntakvik.

Sérkennslustjóri fór á EFI 2 námskeið og sérkennslustjóri og leikskólaliði fóru á trúnaðarmannanámskeið.

Deildarstjórar fóru á námskeiðið Verkfærakistan.

Sérkennarar fóru ADHD námskeið.

Leiðbeinendur fóru á nýliðþjálfunarnámskeið.

Háskólamenntaður starfsmaður og leiðbeinandi fóru á fyrirlestur um erfið börn.

Háskólamenntaður starfsmaður og leiðbeinendur fóru á Blæ, námskeið Barnaheilla.

Fundir utan leikskólans

Leikskólastjóri sótti fundi Skólamálanefndar FSL.

Leikskólastjóri sóttu fund vegna verkfalls Eflingar og umræðufundi með leikskólastjórum og fulltrúum menntasviðs.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og starfsmaður sóttu fund vegna nema á samningum.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og kennarar sátu aðalfund foreldrafélagsins.

Trúnaðarmenn FL og SfK sóttu trúnaðarmannafundi.

Samstarf

Nemendur í 1. bekk Álfhólsskóla komu í heimsókn. Vináttugangan var 8. nóvember, nemendur úr Álfhólsskóla sóttu börnin í leikskólans og gengu með þeim í Álfhólsskóla.

Nemar

Tveir leiðbeinendur voru í leikskólaliðanámi í Borgarholtsskóla og einn leiðbeinandi í leikskólaliðanámi í Mími. Tveir útskrifuðust í vor, einn útskrifast um áramótin. Deildarstjóri er í leikskólakennarafræðum í HÍ og annar deildarstjóri verður í meistaranámi í leikskólakennarafræðum í HÍ. Listgreinastjóri er í meistaranám í listkennslu ungra barna í LHÍ. Einn nemi í leikskólakennarafræðum í HA og tveir nemar í HÍ voru í æfingakennslu eftir áramótin. Þrír nemendur í 9. bekk í Álfhólsskóla komu einu sinni í viku í leikskólavali.

Viðhald

Fimm borð voru hengd upp á vegg Gulubrekku. Ástandsskoðun var gerð á öryggiskerfi. Settur var upp skynjari í undirbúningsherbergi. Rafmagn leitt inn í nýja úti leikfangaskúrinn. Ný ljós sett upp í fataherbergi á neðri hæð. Fjórir farsímar keyptir til notkunar inni á deildum og í útiveru. Tröppur og girðing vestan megin var endurnýjuð. Settur var upp hringlaga bekkur. Trégirðing var máluð. Gólf bónuð og gerð alþrif.

Öryggismál

Árið 2019 slösuðust í heildina 2 börn, (2 drengir), báðir vegna falls/hras á jörðina. Gerðar voru slysaskýrslur. Ekki voru skráð þau börn sem fengu lítils háttar skrámur eða kúlu.

Árið 2020 slasaðist kennari vegna falls/hras á jörðina. Gerð var slysaskýrsla.

Umbótaáætlun skólaárið 2020-2021 (19)



Starfsfólk tileinkar sér með börnunum:

Hreyfingu inni og úti

Slökun

Hollustu

Fjölbreytni

Hreinlæti

Samvinnu

Traust jákvæð samskipti

Umbótaáætlun skólaárið 2020-2021

Á dagtali leikskólans eru allar hefðir sem viðhafðar eru í leikskólanum svo sem alþjóðlegi bangsadagurinn, dagur íslenskrar tungu, dagskrá jóla, páska og fleira.

Skólastarfið

Yfirþema skólaársins verður náttúran. Lögð verður áhersla á útinám, lýðræði og lýðræðislega starfshætti og vináttu. Hópastarf verður markvisst einu sinni til tvisvar í viku og tónlist og hreyfing einu sinni í viku.

Áherslupættir næsta skólaár

- ◆ Starfsfólk tileinki sér Reggio Emilia hugmyndafræðina.
- ◆ Barnahóparnir vinna þema um náttúruna.
- ◆ Kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni.
- ◆ Skrá niður samræður og/eða taka myndir í hópastarfi.
- ◆ Vinna markvisst með Blæ í hópastarfi og samverustund, hengja spjöldin úr töskunni upp á vegg.
- ◆ Dansa inn í daginn í útiveru.
- ◆ Setja upp myndir af starfsfólki á töflu í fataherbergi.
- ◆ Gera einkunnarorð leikskólans og námsþættina sýnilegri.
- ◆ Minnka leikföng á deildum, flokka og setja í kassa.
- ◆ Vanda málfar og tala á lægri nótunum við börnin.
- ◆ Kenna börnunum hugmyndafræðina á bak við einingakubbana, tilgang og frágang.
- ◆ Kenna börnunum að ganga frá, á öllum svæðum.
- ◆ Starfsfólkið sér um fagnaðarfund ásamt börnunum.

Námsviðið sköpun og menning

- ◆ Börnin hengi sjálf upp verkin sín og tjái sig um þau.
- ◆ Börnin kynnist meira ljós og skugga og nota oftár ljósaborð og ljósakubb með börnunum í leik og starfi.
- ◆ Kynna fyrir börnunum menningu annarra þjóða.
- ◆ Börnin vinna markvisst með jarðleir.
- ◆ Börnin noti veframma í sköpun sinni.

Starfsáætlun

- ◆ Starfsfólk nýti Völu til að koma skilaboðum til foreldra.
- ◆ Starfsfólk hafi grunnþætti menntunnar að leiðarljósi.
- ◆ Starfsfólk komi fram af virðingu, taki tillit og hlusti á hvort annað og börnin.
- ◆ Starfsfólk verði góð fyrirmynd í hvívetna og gefandi í samskipum.
- ◆ Starfsfólk nýti útielastæðið í útiveru.
- ◆ Starfsfólk og börn skoði umhverfið með áherslu á náttúruna.
- ◆ Deildarfundir verði einu sinni í mánuði, á föstudögum.
- ◆ Starfsfólk sýni jákvæðni og leiti lausna.
- ◆ Fagfundir verði þegar brýna þörf þykir.

Vinnuumhverfisvísar

- ◆ Nýta öll svæði leikskólans einsog kostur er.
- ◆ Starfsfólk hreyfanlegt í útiveru og hafi yfirsýn yfir barnahópinn.
- ◆ Starfsfólk leysi ágreining áður en heim er farið.
- ◆ Starfsfólk skoði á hverjum degi upplýsingatöflu og dagbók deildar.
- ◆ Starfsfólk muni hverju það ber ábyrgð á, á degi hverjum.
- ◆ Hafa brunæfingu eftir áramótin.
- ◆ Kennarar styðji við nýtt starfsfólk og leiðbeinendur í starfi.

Umbótaáætlun á mati barna

- ◆ Viðhafa alltaf lýðræðislega starfshætti í vinnu með börnunum.
- ◆ Nýta myndir sem teknar eru í starfi og leik barna og nota sem skráningar og/eða til að minna börnin á hvað var verið að gera.
- ◆ Nýta handbrúður, loðtöflusögur og sögu grunn í samverustund með börnunum.
- ◆ Elstu börnin meti áhugaverða þætti í starfinu og starfsfólk finni út hvernig eigi að nýta matið.

Umbótaáætlun sérkennslu

- ◆ Leggja þarf meiri áherslu á málörvun.
- ⇒ Sérkennslustjóri hittir sérkennara og deildarstjóra einu sinni í mánuði, á föstudögum.
- ⇒ Sérkennslustjóri og sérkennarar fari inn á deildir til að fylgjast með börnum í starfi og leik.

Umbótaáætlun skólaárið 2020-2021



Leitum lausna ekki líta á vandamál sem þröskuld heldur áskorun.

Lítum á árangurinn af erfiðl okkar, hann verður ekki frá okkur tekinn.

Samsetning starfsmannahópsins

Næsta skólaár munu starfa leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, fimm deildarstjórar (skipta með sér fjórum stöðugildum), þrír eru leikskólakennarar, einn á 3ja ári og einn í meistaranámi í leikskólakennarafræðum, tveir leikskólakennarar, einn sérgreinastjóri í kennsluréttindanámi, einn kennari, einn starfsmaður með kennsluréttindi, þrír leikskólaliðar, leiðbeinendur, matreiðslumeistari og aðstoðarmatráður.

Starfsmannakönnun

Mikilvægt er að stjórnendur veiti starfsfólki þátttökurétt í mikilvægum ákvörðunum og gefi og veiti meira hrós. Það þarf að ræða meira og oftar um Reggio Emilia, grunnþættina, starfshætti, vinnuaðferðir og annað er snýr að starfinu. Finna tíma til að unnt sé að undirbúa starfið betur og auka við þekkingu starfsfólks. Hafa börnin í minni hópum. Of mikill hávaði þá þarf að athuga með að bæta hljóðvist. Það vantar að finna tíma til að halda fleiri fundi til að geta rætt um starfið og börnin, ekki bara praktíska hluti.

Skipulagsdagar skólaársins.

Skipulagsdagar verða 6 á árinu. Þeir verða nýttir til að skipuleggja starfið, efla fag- og starfsþekkingu, styrkja starfsfólk í starfi og stuðla að hópefli.

18. september verður farið í Guðmundarlund þar sem unnið verður úti í náttúrunni með Reggio Emilia að leiðarljósi.

27. október verður streymt ráðstefnu um leikinn, umræður um leikinn, deildarfundir og starfsumhverfið ígrundað.

19. nóvember verður unnið með Barnasáttmálann, einkunnarorðin, námsviðin og námskrá leikskólans.

15. janúar verður KVAN með námskeið í Guðmundarlundi. KVAN stendur fyrir; kærleik, vináttu, álúð og námi.

17. mars leikskólaheimsóknir, umræður og deildarfundir.

14. maí starfsáætlun yfirfarin, endurmat og sumar dagskrá.

Endur- og símenntunaráætlun

- ◆ Nýtt starfsfólk fer á nýliðanámsskeið.
- ◆ Nýtt starfsfólk fer á námskeið hjá Barnaheill um Blæ.
- ◆ Allt starfsfólkið fer á ráðstefnu um leikinn.
- ◆ Á skipulagsdegi í janúar verður námskeið á vegum KVAN.
- ◆ Starfsfólk velur sér námskeið sem Kraginn eða aðrir bjóða upp á.

Viðhald

Það þarf að laga þakkant leikskólans, gluggakarma að utan, skipta um úti-dyrhurðir, mála Tónaselið og það vantar aðra litla rólu fyrir yngstu börnin. Starfsfólk yngstu barnanna þarf að fá lágan svampsófa, án arma til að geta setið á gólfinu, með góðu móti. Skipta þarf út minnstu salernunum á neðri hæð, þau eru sífellt biluð og ekki fást varahlutir í þau.

Öryggismál

Alltaf er farið yfir útisvæðið áður en börnin koma í leikskólann. Þau slys sem voru á síðasta skólaári voru oftast vegna þess að börnin féllu eða hrösuðu í leik í útiveru.



Lokaorð (20)

Ég hef löngum sagt að enginn dagur í leikskóla er eins. Hann er margbreytilegur, viðburðarríkur, ævintýrlegur, erfiður, léttur, skemmtilegur og allt þar á milli. Það er ekki ofsögum sagt að leikskólalífið tók stakkaskiptum þegar COVID-19 lét á sér kræla. Með dugnaði, samheldni, umburðarlyndi og elju alls starfsfólksins tókst okkur að komast í gegnum fyrstu bylgjuna. Foreldrar fengu líka sinn skerf, þeir hafa örugglega þurft að breyta sínum daglegum venjum og eiga heiður skilið fyrir þeirra þátt í að létta okkur og börnum lífið og starfið með góðri samvinnu og skilning. Samskipti við foreldra urðu meira rafræn og samtöl í síma urðu tíðari.

Það að taka á móti foreldrum og barni við hliðið, er eitthvað sem maður hefur aldrei gert sér í hugarlund að yrði. Hvað þá að börnin kæmi annan hvern dag í leikskólann sem er ennþá fjarstæðukenndara. Þetta var þó veruleikinn okkar og verður enn um hríð því það gefst vel að taka á móti börnunum úti.

Starfsfólkið hélt vel utan um barnahópinn, gaf börnunum alla þá umhyggju og ástúð sem það hefur yfir að ráða. Ég hélt utan um um starfsfólkið, það hélt utan um mig og við gættum þess að gleyma ekki gleðinni og jákvæðninni. Menntasvið fær hrós fyrir þeirra framlag, að halda fjarfundi með okkur stjórnendum, veita okkur styrk og stuðning, það alla vega hjálpaði mér mikið. Við höfum lært mikið á þessum fordæmalausu tímum.

Okkur hefur fundið það gefast vel að taka á móti börnunum úti og er að einróma samþykki starfsfólksins að halda því áfram. Ég finn hvað ég sjálf, starfsfólkið og börnin eru glöð og ánægð að byrja daginn þannig. Það er visst frelsi, að dansa inn í daginn og leika frjálst úti svona snemma morguns, þegar bærinn okkar er að vakna til nýs dags.

Mér finnst eftir þessa viðburðaríku tíma að starfsfólkið sýnir meiri samhygð, samvinnu og samheldni. Ef við höldum áfram að takast á við þetta ástand, að sýna samheldni og umburðarlyndi þá getum við tekist á við þessa bylgju, með elju og þrautseigju. Þetta tekur enda áður en við vitum af, svo njótum dagsins í dag því hann mun ekki koma aftur



Miklar áskoranir felast í því fyrir starfsfólkið að taka á móti nýjum ævintýrum á hverjum degi í leikskólanum.

Þótt stundum sé straumur á móti, þá lygnir og stytir alltaf upp um síðir.